



Akureyrar
akadémían

Ársskýrsla

Starfsárið 2017–2018

Júní 2018

júní 2018

AkureyrarAkademían

ISSN: 2298-8831



Mynd 1. Vorferð AkAk í Svarfaðardal

Starfsemi

Félag sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi, sem í daglegu tali var kallað AkureyrarAkademían, var stofnað vorið 2006. Markmiðið með stofnun félagsins var að nýta betur þekkingu fræðafólks á Norðurlandi og skapa vettvang til miðlunar og umræðu inn á við sem og til samfélagsins. Árið 2015 var félaginu breytt í sjálfseignarstofnunina AkureyrarAkademíuna (AkAk) sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sama ár var undirritaður samstarfssamningur milli AkAk og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Sá samningur er gríðarlega mikilvægur fyrir starfsemi AkAk og leggur grunninn að fjárhagslegum rekstri.

Starfsemi AkAk er tvíþætt, annarsvegar útleiga á þeim 14 vinnuplássum sem eru í AkAk til nema og sjálfstætt starfandi fræðimanna og hinsvegar stendur AkAk reglulega fyrir viðburðum sem allir hafa það megin markmið að byggja brú á milli fræða og samfélags. Á starfsárinu stóð AkAk fyrir fyrirlestraröð á Öldrunarheimilum Akureyrar, námskeiðinu „Konur upp á dekk! Hagnýt fræðsla og samræðuþing um stjórnsmál“ og opnum fyrirlestri á fundi fólksins um umhverfisvernd. Til viðbótar er almennur rekstur stofnunarinnar og gerð verkferla og uppbygging samstarfs við ýmsa aðila.

Starfsárið 2017-2018

Stjórn og framkvæmdastjóri

Á ársfundi stofnunarinnar þann 17. maí 2017 var stjórn og fulltrúaráð kosin af fulltrúum. Starfsárið 2017-2018 var stjórn skipuð:

Bergljót Þrastardóttir, formaður

Steinunn Arnars Ólafsdóttir, ritari

Ólafur B. Thoroddsen, gjaldkeri

Í fulltrúaráði sátu ásamt stjórnarmönnum:

Dr. Arndís Bergsdóttir

Dr. Martina Huhtamaki

Dr. Sigurgeir Guðjónsson

Valgerður S. Bjarnadóttir



Mynd 2. Fyrsti stjórnarfundur starfsárið 2017-2018. F.v. Steinunn Arnars Ólafsdóttir, ritari, Ólafur B. Thoroddsen, gjaldkeri, og Bergljót Þrastardóttir, formaður.

Stjórn AkAk fer með öll málefni stofnunarinnar milli ársfunda, er æðsta vald í málefnum hennar og ber ábyrgð gagnvart fulltrúaráði. Stjórn mótar stefnu og starfstilhögun stofnunarinnar, vinnur að markmiðum hennar og setur henni reglur.

Almenn stjórnarstörf, sem meðal annars felast í fundum, eru unnin í sjálfböðavinnu. Stjórn AkAk fundaði alls fjórum sinnum á starfsárinu. Reglulega eru haldnir súpufundir þar sem fulltrúar eru virkjaðir í starfi stofnunarinnar en á þeim fundum verða oft til margar góðar hugmyndir. Stjórn, fulltrúaráð og fulltrúar í AkAk taka þátt í viðburðum á vegum stofnunarinnar. Lögð er áhersla á að þeir sem leigja vinnuaðstöðu hjá stofnuninni leggi sitt af mörkum til þess samfélags sem AkureyrarAkademían er.

Framkvæmdastjóri AkureyrarAkademíunnar er Kristín Heba Gísladóttir. Hlutverk framkvæmdastjóra er að vera talsmaður stofnunarinnar og annast reikningsskil í umboði stjórnar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn og vinnur að framgangi stefnumála stofnunarinnar hverju sinni. Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Útleiga á vinnuaðstöðu

AkureyrarAkademían hefur frá stofnun leigt út vinnuaðstöðu fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn, meistara- og doktorsnema. Nýting vinnuaðstöðunnar árið 2017 var 88% sem er nánast sama nýting og árið áður. Mikil eftirspurn hefur verið eftir vinnuaðstöðunni sérstaklega í byrjun árs og á haustin en minni yfir sumarmánuðina. Alls leigðu 18 einstaklingar vinnuaðstöðu hjá stofnunni á starfsárinu, 11 konur og 7 karlar. Alls stunduðu 14 þeirra nám á meistara eða doktorsstigi.

Tafla 1. Skipting fulltrúa eftir háskólastofnunum.

Stofnun	Fjöldi
Háskóli Íslands	7
Háskólinn á Akureyri	5
Erlendir háskólar	2
Samtals:	14

Flestir stunda meistaranám, en þeir starfa oft í nokkra mánuði innan stofnunarinnar. Doktorsnemar eru einnig talsvert stór hópur innan AkAk en þeir staldra oft við í lengri tíma. Sjálfstætt starfandi fræðimenn og rithöfundar starfa auk þess innan AkAk.

Tafla 2. Námsstig fulltrúa.

Staða:	Fjöldi:
Doktorsnemar	5
Meistaránemar	8
Nýdóttorar	1
Sjálfstætt starfandi	4
Samtals:	18

Þeir fræðimenn og nemar sem starfa í húsnæði AkAk njóta þar félagsskapar og stuðnings annarra fræðimanna og geta leitað eftir aðstoð og ábendingum við störf sín. Slíkt er mikilvægt fyrir fræðimenn til að geta rætt þau störf sem fengist er við hverju sinni. Þeim sem starfa innan AkAk gefst auk þess kostur á að sækja um styrki í samkeppnissjóði undir merkjum AkAk. Stofnunin mun í slíkum tilfellum sjá um fjárhagslega hlið styrkveitingarinnar gegn þóknun.

Þeir fræðimenn sem hafa verið starfandi í húsinu hafa tekið virkan þátt í starfsemi AkAk og þannig lagt sitt af mörkum til að stuðla að sterkari stöðu hennar í samfélaginu.

Innanhúsfólk 2017

 <p>Arndís Bergsdóttir <i>Doktorsnemi í safnafræði</i></p>	 <p>Bergljót Þrastardóttir <i>Doktorsnemi í menntunarfræðum</i></p>
 <p>Guðrún Þorgerður Larsen <i>Rannsóknaprófessor emeritus</i></p>	 <p>Gunnar Árnason <i>Meistaraniemi í starfsendurhæfingu</i></p>
 <p>Hjalti Ómar Ágústsson <i>Meistaraniemi í heimskautarétti</i></p>	 <p>Jóhann Ásmundsson <i>Meistaraniemi í heimskautarétti</i></p>
 <p>Jón Ómar Gunnarsson <i>Meistaraniemi í predikunarfræðum</i></p>	 <p>Jónína Garðarsdóttir <i>Meistaraniemi í menntavísindum</i></p>
 <p>Margrét Guðmundsdóttir <i>Sagnfræðingur</i></p>	 <p>Dr. Martina Huhtamäki <i>Nýdoktor í norrænum málum</i></p>
 <p>Melkorka Mjöll Kristinsdóttir <i>Meistaraniemi í hnattrænum tengslum</i></p>	 <p>Ólafur B. Thoroddsen <i>Kennari og landfræðingur</i></p>
 <p>Ólöf María Birnu Brynjarsdóttir <i>Meistaraniemi í félagsvísindum</i></p>	 <p>Dr. Sigurgeir Guðjónsson <i>Sagnfræðingur</i></p>
 <p>Skafti Ingimarsson <i>Doktorsnemi í sagnfræði</i></p>	 <p>Steinunn Arnars Ólafsdóttir <i>Doktorsnemi í heilbrigðisvísindum</i></p>
 <p>Valgerður S. Bjarnadóttir <i>Doktorsnemi í menntunarfræðum</i></p>	 <p>Þórhalla Sigurðardóttir <i>Meistaraniemi í hjúkrunarfræði</i></p>

Húsnæði

AkureyrarAkademían er staðsett í húsnæði, sem leigt er af Akureyrarbæ, að Háhlíð 1. Í húsnæðinu var starfræktur leikskóli og síðar skammtímavistun þar til AkAk fékk húsið á leigu. Í húsnæðinu eru fjórtán vinnupláss og þar fyrir utan er aðstaða framkvæmdastjóra. Auk þess er funda- og kaffiaðstaða. Húsbúnaður og innanstokksmunir eru margir hverjir komnir til ára sinna og hefur verið unnið að því að bæta þar úr smátt og smátt eins og fjárhagur leyfir.

Í tvígang hefur AkAk fengið eins árs leigusamning við Akureyrarbæ og mun nógildandi samningur renna út um áramótin 2018/2019. Óvissa í húsnæðismálum síðustu tvö starfsár hefur sett mark sitt á starfsemi stofnunarinnar. Stjórn ásamt framkvæmdastjóra hefur fundað með bæjarfulltrúum og bæjarstjóra vegna húsnæðismálanna. Stjórnendur hafa fundið mikinn velvilja og skilning af hálfu bæjaryfirvalda og standa vonir til að hægt sé að semja um lengri leigutíma á haustmánuðum.



Mynd 3. Húsnæði AkureyrarAkademiunnar

Samstarf

Frá því árið 2015 hefur verið lögð áhersla á að fjölga fulltrúum í AkAk. Stjórn stofnunarinnar taldi mikilvægt að ná betur til þess stóra hóps sem hefur starfað innan AkAk á liðnum árum. Vel hefur tekist að fjölga fulltrúum sem voru árið 2015 alls 14 talsins en voru árið 2017 orðnir 29.

AkAk og Háskólinn á Akureyri (HA) undirrituðu nýjan samstarfssamning í mars 2017 og er hann til þriggja ára. Stofnanirnar hafa átt í formlegu samstarfi frá árinu 2014. Aðilarnir staðfesta með samningnum vilja sinn til að efla samstarf með það að markmiði að nýta sem best þá sérfræðiþekkingu, kunnáttu og aðstöðu sem samningsaðilarnir búa yfir. Aðilarnir munu standa fyrir að minnsta kosti einni sameiginlegri ráðstefnu á samningstímanum. Auk þess skal AkAk veita forsetum viðeigandi fræðasviða HA upplýsingar um þá fræði- og vísindamenn sem starfa innan AkAk á hverri önn. Mikil ánægja er með það góða samstarf sem ríkt hefur milli AkAk og HA í gegnum tíðina. Mikilvægt er að stofnanirnar samnýti krafta sína og var með gerð samningsins lögð áhersla á að auka þetta góða samstarf enn frekar.

Í apríl undirrituðu framkvæmdastjóri AkAk og framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademiunnar (RA) samstarfssamning. Markmið samningsins er að efla samstarf á milli AkAk og RA í rannsóknarstarfi, nýtingu aðstöðu og húsnæðis og í miðlun hagnýtra og stjórnunartengdra upplýsinga. Vonir standa til að samningurinn sé upphafið að enn meira samstarfi á milli aðilanna.



Mynd 4. Undirritun samstarfssamnings AkAk og RA. Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri AkAk, og Svandís Nína Jónsdóttir, framkvæmdastjóri RA

Heimasíða og samfélagsmiðlar

AkureyrarAkademían notar samfélagsmiðla og vefsíðu í síauknum mæli til að koma upplýsingum á framfæri. Lögð hefur verið áhersla á að viðhalda heimasíðu stofnunarinnar sem var tekin til gagngerar endurskoðunar árið 2015.

Umhverfisvernd

Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á umhverfismál innan AkAk. Gríðarlega vel hefur gengið að flokka sorp og er ánægjulegt að þrátt fyrir að talsvert sé um mannbreytingar innan stofnunarinnar, þá gengur nýtt fólk auðveldlega inn í sorpflokkunina. Í innkaupum er hugað að umhverfinu með því að stilla innkaupum í hóf og vera meðvituð um að kaupa það sem þarf. Allar ræsti- og hreinlætisvörur sem keyptar eru inn eru auk þess umhverfisvottaðar. Upplýsingar um strætóleiðir hafa verið hengdar upp á vinnustaðnum og árlega er tekið þátt í Hjólað í vinnuna. Fulltrúar hafa verða hvattir til að koma með ábendingar varðandi þá þætti sem stofnunin getur gripið til, til að auka umhverfisvernd. Innan AkAk starfa margir aðilar til lengri og skemmri tíma og er það mikilvægur hluti af samfélagslegri ábyrgð stofnunarinnar að sýna gott fordæmi í umhverfismálum.



Mynd 5. Hjólað í vinnuna

VIÐBURÐIR

Það minnsta sem þú getur gert!

Ákveðið var að færa lýðveldishátíðina *Fund fólksins* norður á Akureyri og var hún haldin í Hofi í fyrsta sinn haustið 2017. Innan AkAk kviknaði sú hugmynd að standa fyrir viðburði á hátíðinni sem tengdist umhverfisstefnu AkAk. Stjórnendur AkAk höfðu samband við Umhverfisstofnun og Neytendasamtökin og úr varð fræðsludagskráin „Það minnsta sem þú getur gert! Grænn lífstíll, umhverfismerki og siðræn neysla“. Elva Rakel Jónsdóttir, teymisstjóri hjá Umhverfisstofnun, fjallaði um grænan lífstíl og umhverfismerki og Brynhildur Pétursdóttir, fulltrúi hjá Neytendasamtökunum, fjallaði um siðræna neyslu. Viðfangsefnið höfðaði til margra og setið var í hverju sæti. Boðskapur erindanna var að hvert og eitt okkar getur hugað að umhverfinu í vali sínu og þannig haft áhrif til góðs.



Mynd 6. Vel mætt á "Það minnsta sem þú getur gert! Grænn lífstíll, umhverfismerki og siðræn neysla

Fyrirlestraröð

Fyrir rúmum tíu árum síðan þegar Félag sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi var stofnað, var farið af stað með fyrirlestra sem opnir voru almenningi. Slíkt var á þeim tíma nýjung í bæjarlífinu á Akureyri. Starfsárið 2016-2017 var ákveðið að breyta fyrirkomulaginu og bjóða upp á erindi sérsniðin að áhuga og þörfum íbúa á Öldrunarheimilum Akureyrarbæjar (ÖA). Fyrirlestraröðin á ÖA var haldin í annað sinn á starfsárinu. Ákveðið var að bjóða upp á fjögur erindi, þrjú þeirra voru haldin á öldrunarheimilinu Hlíð og eitt á hjúkrunarheimilinu Lögmanshlíð. Fulltrúum AkAk gafst kostur á að senda inn tillögur að erindum. Alls bárust fjórtán tillögur og völdu heimilisfólk og starfsfólk á ÖA þrjár tillögur. Fyrirlestrar á Hlíð voru eftirfarandi:



Mynd 7. Fyrirlestraröð AkureyrarAkademiunnar og Öldrunarheimila Akureyrar

Véltjórafélag Akureyrar (1919-1967)

Dr. Sigurgeir Guðjónsson, sagnfræðingur

Hvallátrar – sveitin mín vestur í Útvíkum

Ólafur B. Thoroddsen, kennari og landfræðingur

Vinna kvenna í Eyjafirði- falin og ófalin – á fyrri helmingi 20. aldar

Margrét Guðmundsdóttir, sagnfræðingur, og Þórarinn Hjartarson, syngjandi sagnfræðingur

Auk þess héldu Margrét og Þórarinn fyrirlestur sinn um vinnu kvenna í Eyjafirði í sal hjúkrunarheimilisins Lögmanshlíðar en íbúar á Lögmanshlíð gátu ekki sótt erindin sem haldin voru í Hlíð.

Allir fyrirlestrarnir voru opnir almenningi þrátt fyrir að þeir væru sérsniðnir fyrir íbúa á Öldrunarheimilunum og voru þeir vel sóttir af íbúum og öðrum gestum. Verkefnið hlaut styrk frá fyrirtækinu Norðurorku.

Konur upp á dekk!

Í kjölfar alþingiskosninganna 2017 þar sem alþingiskonum fækkaði úr 30 í 24 skapaðist mikil umræða innan AkAk um stöðu kvenna í stjórnmálum. Í kjölfarið vaknaði sú hugmynd hvort hægt væri að setja saman fræðslu sem hefði það að megin markmiði að hvetja konur til þátttöku í sveitastjórnarkosningunum 2018. Leitað var til Jafnréttisstofu og JCI Sprota sem bæði samþykktu að vinna að verkefninu og úr varð tveggja daga námskeið. Bergljót Þrastardóttir, stjórnarformaður AkAk og doktorsnemi var fundarstjóri báða dagana. Þátttakendur fyrri daginn voru 31 og var dagskráin eftirfarandi:



Mynd 8. Fyrri hluti "Konur upp á dekk"

Konur og stjórnmál, staðan í dag

Tryggvi Hallgrímsson, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu

Síðferði í stjórnmálum

Sigurður Kristinsson, prófessor í heimspeki við Háskólann á Akureyri

#MeToo – hvað svo?

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, alþingiskona og fv. bæjarfulltrúi

Stjórnsýslan og nefndarstörf

Halla Björk Reynisdóttir, fv. bæjarfulltrúi

Það sem ég hefði viljað vita áður en ég fór í stjórnmál

Hanna Birna Kristjánsdóttir, stjórnarformaður Women Political Leaders, fv. ráðherra og borgarstjóri

Seinni daginn sóttu 18 þátttakendur námskeiðið og þar sáu Arna Björk Gunnarsdóttir og Svava Arnardóttir frá JCI Sprota um fræðslu um samræðustjórnmál, fundarsköp og ræðumennsku. Vigdís Jóhannsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Pipar-BTWA og fv. kosningastjóri hélt einnig erindi um samfélagsmiðla og hvernig hægt er að nýta þá til að koma sér á framfæri.



Mynd 9. Þátttakendur á seinni hluta "Konur upp á dekk"

Akureyrarbær, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Norðurþing og Þingeyjarsveit styrktu verkefnið.

Námskeiðið var vel sótt af konum á svæðinu og ánægjulegt hversu margir þátttakendur voru á framboðslistum stjórnmálaflokkana í sveitastjórnarkosningunum vorið 2018. Þátttakendur fengu senda könnun í kjölfar námskeiðsins og sýndu niðurstöður hennar meðal annars að 62% þátttakenda töldu sig líklegri til að taka þátt í stjórnmálastarfi eftir að hafa sótt námskeiðið.

Starfsárið 2018-2019

Mikilvægustu verkefni starfsársins eru endurnýjun samstarfssamning stofnunarinnar við mennta- og menningarmálaráðuneytið og endurnýjun leigusamnings við Akureyrarbæ.

Samningur við mennta- og menningarmálaráðuneyti

Samningur AkureyrarAkademíunnar við mennta- og menningarmálaráðuneyti er lykilatriði í rekstri stofnunarinnar. Frá því að samningur náðust árið 2015 hefur starfsemi stofnunarinnar aukist til muna. Ráðinn hefur verið framkvæmdastjóri í 70% starf sem var mikilvægt skref fyrir stofnunina. Ljóst var áður en samningar náðust, að umfang AkAk var orðið mun meira en hægt var að sinna af stjórnarfólki í sjálfboðavinnu. Ráðning starfsmanns til stofnunarinnar hefur gert henni kleift að halda betur utan um rekstur hennar og standa fyrir stærri og viðameiri viðburðum. Núverandi samningur gildir út árið 2018 og er mikilvægt fyrir framgang AkAk að hann verði endurnýjaður.

Húsnæðismál

Talsverð óvissa hefur blasað við í húsnæðismálum AkAk. Áform bæjaryfirvalda varðandi húsnæðið sem AkAk hefur nú á leigu eru óljós en stjórn og framkvæmdastjóri hafa unnið ötullega að því að tala máli stofnunarinnar við bæjarfulltrúa og bæjarstjóra. Bæjaryfirvöld eru jákvæð gagnvart starfsemi stofnunarinnar. Ljóst er að enn er tvísýnt um hvort stofnunin þurfi að flytjast í annað húsnæði en forsvarsmenn stofnunarinnar vinna nú að því fá niðurstöðu í málið. Ljóst er að óvissa í húsnæðismálum kemur illa við stofnunina sem var um tímabil á vergangi eftir að hún missti húsnæði sitt í gamla húsmæðraskólanum.

Samstarf

AkureyrarAkademían mun áfram vinna að því að eiga gott samstarf við hinar ýmsu stofnanir og félagasamtök. Auk þess verður lögð áhersla á að efla en frekar gott samstarf við Háskólann á Akureyri og ReykjavíkúAkademíuna.

Lögð var áhersla á að auka samstarf við fulltrúa innan AkAk á liðnu starfsári með góðum árangri. Verður áframhaldandi áhersla á að ná enn betur til þeirra fjölmörgu fræði- og vísindamanna á svæðinu sem hafa áhuga á að taka þátt í starfi AkAk með einum eða öðrum hætti.

Vefsíða og samfélagsmiðlar

Stofnunin mun á starfsárinu leggja áherslu á að auka enn frekar sýnileika sinn á samfélagsmiðlum. Á síðastliðnu starfsári hefur síaukin áhersla verið lögð á virkni stofnunarinnar á samfélagsmiðlum og hefur umferð um fésbókarsíðu hennar aukist til muna. Umferð um vefsíðu stofnunarinnar hefur haldist með svipuðu móti og er hún aðgengileg upplýsingaveita.

Umhverfisvernd

Áhersla á umhverfismál verður áfram áberandi innan AkAk á starfsárinu. Mikilvægt er að halda þeim árangri sem náðist hefur. Auk þess verður áfram leitað leiða til að minnka enn frekar áhrif af starfsemi stofnunarinnar á umhverfið.

Vinnustaðgreining

Í ljósi óvissu í húsnæðismálum AkureyrarAkademíunnar var rafræn könnun lögð fyrir fulltrúa í lok árs 2017. Markmið fyrirlagnarinnar var að kanna viðhorf til samskipta, stjórnunar og vinnuaðstöðu. Með

könnuninni fengu stjórnendur góða yfirsýn yfir þá þætti sem mestu máli skipta varðandi góða vinnuaðstöðu. Einnig sýndi könnunin að mikil ánægja ríkir með stjórnun stofnunarinnar og er starfsánægja mikil. Stjórn AkAk hefur ákveðið að leggja könnunina fyrir árlega.

Stefnumótun

Á nýliðnu starfsári var lagt upp með að fram færi stefnumótun innan stofnunarinnar. Í kjölfar óvissu með húsnæðismál og þeirrar miklu vinnu sem sú óvissa útheimti var verkefninu slegið á frest. Stjórn leggur áherslu á að innan AkAk fari fram stefnumótun á nýju starfsári. Eftir að Félagi sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi var breytt í sjálfseignarstofnun er þörf á að hugleiða framtíð stofnunarinnar, hvaða hlutverki hún á að gegna í samfélagi fræðimanna sem og í samfélaginu almennt og hvaða sérstöðu hún hefur eða getur markað sér.

Markmiðið með vinnunni er að leggja fram stefnuskjal með aðgerðaáætlun. Fulltrúar AkAk munu taka virkan þátt í skilgreiningu og framsetningu stefnu auk aðlögunar hennar. Framkvæmdastjóri og stjórn munu bera ábyrgð á tímasettri áætlun um innleiðingu og framkvæmd stefnumótunarinnar.

VIÐBURÐIR

Konur upp á dekk!

AkAk ásamt Jafnréttisstofu, Starfsgreinasambandinu og JCI Sprota sóttu um styrk í Jafnréttissjóð til að setja saman námskeiðið „Konur upp á dekk!“ fyrir kounur í verkalýðshreyfingunni. Markmiðið er að hvetja kounr til aukinnar þátttöku í starfsemi og stjórnun verkalýðshreyfingarinnar og auka þar með kynjajafnrétti. Forsvarsmenn AkAk tóku á móti styrk úr Jafnréttissjóði Íslands við hátíðlega athöfn á Hótel Borg þann 19. júní.

Námskeiðið verður opið öllum konum sem eru félagar í aðildarfélögum Starfsgreinasambandsins og í starfsmannafélögum sveitafélaganna, þeim að kostnaðarlausu. Námskeiðin verða haldin á sex stöðum á landinu, Akureyri, Borgarnesi, Egilsstöðum, Ísafirði, Reykjavík og Selfossi.

Námskeiðið er einn dagur (8 klst) og samanstendur af fræðandi erindum og verklegri þjálfun sem getur nýst þeim konum sem hafa áhuga á að láta til sína taka innan verkalýðshreyfingarinnar. Við uppbyggingu námskeiðsins er fyrst of fremst litið til þess að auka hlut kvenna í forystu verkalýðshreyfingarinnar. Auk þess leggja skipuleggendur áherslu á að skapa vettvang fyrir konur með reynslu innan hreyfingarinnar og þær konur sem hafa áhuga á að starfa innan hennar til að deila reynslu sinni á opinskáan hátt þannig að reynsla þeirra geti nýst þátttakendum sem best. Dagskrá námskeiðsins er eftirfarandi:

Að bjóða kynjakerfinu birginn. Jafnréttisstofa.

Kemur kynjakerfið, í formi aðgreiningar og undirskipunar kvenna í veg fyrir að konur komist til áhrifa innan verkalýðshreyfingarinnar? Standa úreltar staðalmyndir, um fyrirvinnuhlutverk karla og uppeldis- og ummönnunarhlutverk kvenna, í vegi fyrir því að konur standi jafnfætis körlum í samfélaginu?

Leitað verður svara við þessum spurningum með það að markmiði að þátttakendur öðlist dýpri skilning á kynjakerfinu og stöðu kynjanna í samfélaginu. Ef jafna á stöðu kynjanna innan verkalýðshreyfingarinnar þarf að draga kynjakerfið fram í dagsljósið og skoða hvernig það hampar (hvítum) körlum á kostnað kvenna og ýmissa minnihlutahópa.

Staða verkalýðsbaráttunnar í dag. Starfsgreinasambandið.

Rýnt verður í stöðu verkalýðsbaráttunnar í dag með tilvísun í fyrri tíma. Hvaða rými hafa verkalýðsfélög til að hafa áhrif á lífsgæði og líf skjör félagsmanna? Hver er staða okkar í samhengi og sambanburði við nágrannalöndin og hvernig er hægt að beita samtakamætti í baráttu fyrir bættum kjörum, starfsánægju og bættum lífsgæðum?

Uppbygging verkalýðsfélaganna. Starfsgreinasambandið.

Uppbygging verkalýðsfélaga er flókin og ekki alltaf augljós. Að einhverju leyti er uppbygging arfleidd frá ólíkum vinnumarkaði fyrri tíma en til að starfa í hreyfingunni og geta beitt sér á réttum stöðum þarf að hafa skilning á uppbyggingu félaganna, bæði hvernig skipulagi féлага er almennt og eins hvernig skipulagið er innan hvers félags. Hver fer með samningsumboð? Hvernig fer stjórnarkjör fram? Hver er aðal vettvangur ákvörðunartöku innan féлага, landssambanda og heildarsamtaka? O.fl.

Að starfa innan verkalýðshreyfingarinnar. AkureyrarAkademían.

Fyrirmyndir skipta miklu máli. Konur sem hafa reynslu af því að starfa innan verkalýðshreyfingarinnar munu deila reynslu sinni með þátttakendum.

Framkoma/ræðumennska. JCI Sproti.

Farið í grundvallaratriði ræðumennsku, hvernig við náum til fólks í töluðu máli og miðlum skoðunum okkar á áhrifaríkan hátt.

Fundarsköp. JCI Sproti.

Að kunna umferðareglur funda er grundvallaratriði þess að vera virkur í umræðum og ákvörðunartöku. Farið yfir helstu atriði fundarskapa og stjórnun funda.

Samþætting mismunandi sjónarmiða. JCI Sproti.

Hvaða aðferðum beitum við til að koma sjónarmiðum okkar á framfæri án þess að ráðast á skoðanir annarra? Samningatækni og ábyrgð þeirra sem að málum koma skoðuð og farið yfir hvernig við leysum úr ágreiningi til að komast að farsælli lausn.

Leiðtogaþjálfun. JCI Sproti.

Leiðtogafærni er ekki meðfædd heldur eitthvað sem við getum þjálfað upp með því að tileinka okkur réttu tæknina og hugarfarið. Hér verður farið yfir hvernig við vinnum með eigið hugarfar og hvernig við hjálpum öðrum með slíkt hið sama. Jafnframt förum við yfir lykilatriði sem hjálpa okkur að ná þeim árangri sem við viljum og viðhalda framkvæmdagleðinni.

Mentorar. AkureyrarAkademían.

Ransóknir hafa sýnt að „mentorar“ skipta máli þegar fólk er að stíga sín fyrstu skref á nýjum starfsvettvangi og geta konur sem starfa innan verkalýðshreyfingarinnar og hafa reynslu og þekkingu á starfsemi þeirra, stytta leiðina fyrir konur sem hafa áhuga á að taka þátt í starfinu.

Í lok hvers námskeiðs fá þátttakendur senda könnun sem er ætlað að meta gæði og áhrif námskeiðsins.

Fyrirlestraröð

Samstarfsverkefni AkAk og Öldrunarheimilanna á Akureyri hefur gefist vel og vakið mikla ánægju. Sett verður upp sambærileg fyrirlestraröð á starfsárinu í samráði við Öldrunarheimilin. Aftur verður lögð ríkuleg áhersla á að íbúar á Öldrunarheimilunum hafi kost á að velja þau erindi sem helst höfða til þeirra.

LÝSA

Lýðræðishátíðin LÝSA, sem áður hét fundur fólksins, verður haldinn í annað sinn á Akureyri haustið 2018. AkureyrarAkademían mun í annað sinn standa fyrir viðburði á LÝSU og mun sá viðburður vera í takt við megin markmið AkAk að skapa brú á milli fræða og samfélags.